

Fundargerð – 5. fundur stjórnar Foreldrafélags Hlíðaskóla

Google Meet, 10. janúar 2022

Mætt:

- Berglind Rögnvaldsdóttir (meðstjórnandi)
- Elín Ósk Hjartardóttir (ritari)
- Eygló Svala Arnarsdóttir (formaður)
- (Guðmundur) Andri Hjálmarsson (varaformaður)
- Klara Geirsdóttir (gjaldkeri)
- Þórey Björk Sigurðardóttir (skólaráðsfulltrúi)

Fjarverandi:

- Bára Brynjólfssdóttir (varamaður)
- Hallfríður Brynjólfssdóttir (varamaður)
- Þorsteinn V. Einarsson (varamaður)

Dagskrá: Umsögn um skýrslu starfshóps um Vörðuskóla og nærliggjandi skólakerfis.

Umsögn um safnskóla:

Eina umræðuefnið á fundinum nú þar sem stutt er í að skila þurfi skýrslunni.

- Margir foreldrar sem hafa skoðanir og væri gott að ná álit/sjónarmiða sem flestra í umsögnina. Rætt hvernig best er að gera það, Þórey ætlar að gera könnun sem Eygló mun senda á alla foreldra í gegnum foreldrafélagið. Gefum foreldrum viku til þess að skila könnun.
- Gott að skipta skýrslu á milli okkar. Skýrslan er þannig að settar eru upp fimm leiðir og valin verður ein þeirra sem gefur besta niðurstöðu. Ákveðið að skipta skýrslu þannig upp að hver og einn beri ábyrgð á sinni leið.
 - Leið 1: Elín.
 - Leið 2: Andri.
 - Leið 3: Eygló.
 - Leið 4: Berglind.
 - Leið 5: Þórey.

Aðrir stjórnarmeðlimir mega endilega bæta sig á leið.

Þar sem tími er naumur er planið að hittast aftur í næstu viku eftir að svör frá foreldrum eru komin.

Næsti fundur verður 17. janúar kl. 17.

Fundi slitið.

Fundargerð samþykkt rafrænt.